

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Rangárþingi eystra.

1. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphörgunar- og sorphirðugjald) sbr. samþykkt nr. 137/2005.

2. gr.

Á íbúðarhús, sumarhús, öll fyrirtæki, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skal sveitarstjórn skipa í flokka m.a. eftir áætluðu magni úrgangs.

Sorphirðugjald flokkanna er sem hér segir:

1. flokkur	Sorphreinsunargjald á íbúð/m.v. eina tunnu	kr. 20.000
	Sorpeyðingargjald á íbúð/m.v. eina tunnu	kr. 7.500
2. flokkur	Sorpeyðingargjald, sumarhús	kr. 9.500
3. flokkur	Fyrirtæki m.v. 1 tunnu (margfeldi í gámum)	kr. 20.000
	Tunnugjald pr. 1 stk.	kr. 500

3. gr.

Sorphirðu- og sorpeyðingargjald greiðist til sveitarsjóðs Rangárþings eystra og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem byggir á samþykkt um sorphirðu í Rangárþingi eystra, er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra og samþykkt af heilbrigðisnefnd Suðurlands, er hér með staðfest í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum.

5. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra, 9. desember 2010,

Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. janúar 2011